

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá



8. bekkur

Skólanámskrá Setbergsskóla

Námssvið og námsgreinar



Skólaárið 2022 – 2023

Skólanámskrá Setbergsskóla.

Útgefin 2018.

Endurskoðuð 2022.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: María Pálmadóttir, skólastjóri Setbergsskóla.
Margrét Ólöf Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri Setbergsskóla.

Útgefandi: Setbergsskóli (Hafnarfjarðarbær)
Hlíðarberg 2
221 Hafnarfjörður

netfang: setbergsskoli@setbergsskoli.is

veffang: <http://www.setbergsskoli.is>



Efnisyfirlit

Inngangur	5
II. Skólastarf 8. bekkjar	6
II.1. Samantekt kennslu í 8. bekk.....	6
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 8. bekk.....	7
II.3. Kennsluáðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 8. bekk.	9
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.....	9
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi.....	10
III. Námsvið og námsgreinar	10
III.1. Matsaðferðir og matsverkfæri fyrir lykilhæfni.	10
III.2. Lykilhæfni 8. bekkur	11
1. Íslenska	12
a. Viðmið um námshæfni í íslensku.....	12
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf.....	13
1.2. Lestur og bókmenntir	13
1.3. Ritun	14
1.4. Málfræði	15
2. Erlend tungumál	18
Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum	18
2.1. Enska.....	20
2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	22
3. List- og verkgreinar	23
Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum	23
3.1. Sviðslistir – dans og leiklist	24
3.2. Sjónlistir - myndmennt	24
3.3. Tónmennt	25
3.4. Heimilisfræði	25
3.5. Hönnun og smíði.....	26
3.6. Textílmennt	26
4. Náttúrugreinar.....	27
Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum.....	27
4.1. Náttúrufræði.....	27
4.2. Eðlis- og efnafræði.....	28
4.3. Lífvísindi.....	29



5. Samfélagsgreinar	30
Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum	30
5.1. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði	31
6. Skólaíþróttir	32
Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum	32
6.1. Íþróttir	33
6.2. Sund	34
7. Stærðfræði	36
Viðmið um námshæfni í stærðfræði	36
7.1. Stærðfræði	37
7.2. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði	38
7.3. Tölur, reikningur og algebra	39
7.4. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	40
8. Upplýsinga- og tæknimennt 8.bekkur	41
Viðmið um námshæfni	41
8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði	41
8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	42
9. Valgreinar	42



Inngangur

Skólanámskrá Setbergsskóla er unnin út frá aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Sex grunnþættir mynda kjarna aðalnámskrárinnar og liðast þeir um skipulag skólastarfsins. Þættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Skólanámskrá Setbergsskóla er grunnur að öllu skólastarfinu og fjallar um áherslur í námi og kennslu. Hún er okkar vinnuþag og segja má að skólanámskráin sé lifandi þag því hún getur tekið breytingum á milli ára því skólastarfið er þess eðlis að það er í sífelldri endurskoðun.

Skólanámskránni er skipt eftir árgöngum. Stutt ágrip er af sögu skólans í byrjun. Fyrsti kafli fjallar síðan um menntastefnu hans og skiptist sá kafli í tvennt. Kafli tvö fjallar um námssvið og námsgreinar, námsaðstæður og námsmat. Í þeim kafla eru skilgreind markmið og leiðir sem farnar eru að settu marki. Kennararnir útfæra síðan skólastarfið námkvæmar við gerð kennsluáætlaða, viku- og dagskipulags.

Í lokakaflanum má síðan finna í viðauka kynningu og viðmið grunnskólastarfs í Hafnarfirði.

Vor 2018 var tekin sú ákvörðun að skipta skólanámskránni niður í þrjá kafla til að gera hana aðgengilegri fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur. Fyrsti hlutinn heitir „Kafli 1. Skólanámskrá Setbergsskóla. Saga skólans og menntastefna“. Öðrum hlutanum er skipt niður á tíu árganga þar sem fjallað er um, í hverjum árgangi fyrir sig, grunnþætti menntunar, námssvið og námsgreinar, lykilhæfni, metanleg hæfniviðmið, leiðir og námsmat. Kafli þessi er grunnur að skólastarfinu og getur verið breytilegur milli ára þar sem sífellt er verið að endurskoða hann. Við notum samskiptaforritið Mentor m.a. til að halda utan um mat á vinnu nemenda þar sem foreldrar geta fylgst með framgöngu barna sinna. Að lokum er þriðji hlutinn sem heitir „Viðauki A – G. Kynning og viðmið grunnskólastarfs í Hafnarfirði. Skólanámskrá Setbergsskóla“.



II. Skólastarf 8. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppleðisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

II.1. Samantekt kennslu í 8. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	1 1 2 1
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	3 3
3. List- og verkgreinar	A Listgreinar: 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt B Verkgreinar: 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	1 1 0 1 1 1
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði 4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og störnufraði 4.3. Lífvísindi 4.4. Umhverfismennt	0,5 0,5 1 1
5. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1 1 2
6. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
7. Stærðfræði	7.1. Stærðfræði	5
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	1
9. Val	9. Valgreinar	5
Alls		37



II.2. Áherslur grunnpáttar menntunar í 8. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnpáttar menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	Það er unnið með heilbrigði og velferð í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: • Ýta undir að hollt mataræði með því að hvetja nemdur til að koma með hollt nesti að heiman og fá foreldra jafnframt til samstarfs við okkur í þeim tilgangi. Jafnframt bjóða upp á holla næringu í mötuneyti og sjoppu nemenda. • Hvetja til hollrar og fjölbreyttrar hreyfingar bæði í íþróttum og öðrum námsgreinum, má þar m.a. nefna útikennslu. • Eiga góð samskipti við nemendur, foreldra, starfsfólk og aðra sem að skólastarfinu koma. Það gerum við með því að vera fyrirmyndir og skapa skólabrag þar sem jákvæð og opin samskipti eru höfð að leiðarljósi. • Mikilvægt að nemendur fái nægjanlega hvíld og að jafnvægi sé á milli skóla og tómstunda.
JAFNRÉTTI:	Það er unnið með jafnrétti í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: • Mikilvægt er að hver einstaklingur sé metinn á eigin forsendum og fái að þroskast óháð kyni, fötlun, búsetu, stétt, kynhneigð, lítarhætti, lífsskoðunum, trúarbrögðum, tungumáli, ættarni og þjóðerni • Fagna margbreytileikanum og líta á hann sem tækifæri fremur en hindrun. • Koma fram við alla innan skólans, jafnt nemendur sem starfsmenn, af virðingu. • Standa vörð um gildin okkar, leitast við að skilja í stað þess dæma og hlusta og leiðbeina nemendum okkar með því að virkja þá og vekja til umhugsunar um hverja þá orðræðu sem upp kemur. • Vera meðvitaður um hvert við beinum athyglinni innan nemendahópsins og að allir séu virkjaðir. • Gæta þess að einstaklingum sé ekki mismunað eftir kynferði, kynþætti, fötlun, þjóðerni, aldri, né vegna trúar- eða stjórnmálaskoðana. Ýta undir að drengir og stúlkur átti sig á því valdi sem það hefur í að velja og hafna m.a. í samskiptum sínum við hitt kynið.
LYÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	Það er unnið með lýðræði og mannréttindi í árganginum þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: • Gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og verkum. • Nemendur læri um rétt sinn og skyldur (t.d. úr Barnasáttmálanum, Mannréttindasáttmálanum, Salamanca-yfirlýsingunni) og að réttindum fylgir ábyrgð. • Nemendur verði meðvitaðir um mátt orðnotkunar í ræðu og riti. • Nemendur læri að bera virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og að virða hvern og einn eins og hann er. Nemendur geti unnið með ólíku fólki, virt skoðanir þess, tekist á við áskoranir og hugsað í lausnum. • Nemendum séu skapaðar aðstæður til umræðna þar sem rýnt er í efnið og þeir læri að ýmislegt getur legið að baki því sem virðist óskiljanlegt í fyrstu. • Nemendur læri að til þess að skapa samfélag þar sem öllum líður vel þurfum við að vera samábyrg, geta sýnt umhyggju fyrir öðrum og vera meðvituð og virkir þátttakendur í skólasamfélaginu.



	Nemendur læri um mátt lýðræðis. T.d. að með lýðræði getur maður komið skoðunum sínum á framfæri, kosið um ýmis mál og lært þannig að meirihlutinn ræður. Þannig læra nemendur að axla ábyrgð.
LÆSI:	Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Ýta undir viðtækan skilning á læsi s.s. umhverfislæsi, tölvulæsi, stafrænt læsi, tæknilæsi, fjölmiðlalæsi og en hvetja jafnframt til bóklesstrar og að nemendur geti lesið sér til gagns. - Allir kennarar skólans leggja sig fram um að búa nemendum þær aðstæður að þeir verði læsir á umhverfi sitt og geti lesið sér til gagns í viðtækum skilningi. - Læsi snýst um sköpun merkingar sem á sér stað í samskiptum nemenda við þá sem þeir umgangast og í því umhverfi sem þeir búa við. Skólinn þarf að byggja á þeim grunni og styrkja enn frekar bæði undirstöðurnar og það sem byggt er ofan á með því að virkja nemendur í lærdómsferlinu. - Vera læs á náttúru, umhverfi, menningu og aðstæður. - Vera læs á mannleg samskipti/samfélagið og með því að vera læs á sjálfan sig þá læra nemendur smátt og smátt að þekkja muninn á eigin hugmyndum og annarra og virða þær. - Leggja áherslu á gott samstarf við heimilin í tengslum við læsi og auka skilning þeirra á mikilvægi að virkja nemendur í lærdómsferlinu. - Styðja við nemendur sem kljást við sértæka lesörðugleika
SJÁLFBÆRNI:	Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Skapa samábyrgt samfélag innan skólans þar sem allir eru virkjaðir og skoðað saman hvort allir hafi möguleika á þátttöku í því sem við erum að gera. - Gera nemendur meðvitaða um þeirra þátt í daglegri umgengni innan skólans; flokka rusl og stefna að því að hafa sem minnst af því, nota fjölnota umbúðir fyrir mat og drykki, hvetja til orkusparnaðar (slökkva ljós, fygjast með hita á ofnum eftir veðurfari, notkun á vatni, sápu og papír, skoða hvernig við ferðumst til og frá skóla). - Nemendur læri hvernig hlutir verða til og hvaðan þeir koma og hvert þeir fara. - Skapa samfélag þar sem skólinn, heimilin, mótuneytið, foreldrafélagið, félagsmiðstöðin, leikskólinn vinna saman og eru upplýstir um stefnu skólans. - Nemendur öðlist skilning á sampili umhverfis, félagslegra þátta og efnahagspróunar; það skiptir máli að við nýtum auðlindir okkar skynsamlega og að nemendur átti sig á hringrásum og lögmálum náttúrunnar. - Stofnað verði umhverfisráð og nemendur virkjaðir þannig enn frekar.
SKÖPUN:	Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Leyfa öllum að njóta sín og leggja áherslu á það í vinnu með nemendum að ferlið skiptir jafn miklu máli og afraksturinn. - Fá tækifæri til að uppgötva og tengja við fyrri þekkingu ásamt því að átta sig á því að sköpun byggir líka á gagnrýnninni hugsun sem opnar nýjar leiðir til að nálgast viðfangsefnið. - Fá tækifæri til að ígrunda skoðanir og öðlast eigin sýn á heiminn. - Ýta undir skapandi hugsun í öllum námsgreinum og virkja hugann til að leita fljölbreyttra leiða til lausna.



	- Leitast við að vera opinn fyrir hugmyndum nemenda svo þeir verði óhræddir við að segja frá, prófa sig áfram, að vera forvitnir og ígrunda. - Nálgast námsefnið í gegnum leik og tjáningu bæði leikræna, sjónræna og myndræna. - Örva ímyndunaraflíð og vera tilbúin að nota bæði efnivið og umhverfi á sem fjölbreyttastan hátt til að ýta undir sköpunargleði nemenda. - Þjóða upp á fjölbreytt og krefjandi verkefni sem miða við reynslu og þroska nemenda.
--	---

II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 8. bekk.

i. Kennsluaðstæður

Kennt er í heimastofum kennara, í sérkennslustofum, á nemenda gangi og á svæðum fyrir framan heimastofur. Nemendum er einnig skipt í hópa verklegum greinum og þá er kennt í tilheyrandi stofum.

ii. Kennsluáætlanir

Kennarar skipuleggja grófa áætlun yfir skólaárið og út frá þeim vinna þeir vikuáætlanir og heimavinnuáætlanir.

iii. Náms- og kennslugögn

Í skólastofunni er kennslugögn sem nýtast árganginum best. Kennslugögn er jafnframt hægt að sækja í námsgagnaver og á bókasafn eftir viðfangi í hvert sinn.

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	- Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar). - Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.
Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:	Öll námsgögn s.s. skrifffæri, stílabækur og möppur fá nemendur í skólanum sér að kostnaðarlausu.

II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Gott samstarf við heimilin er lykillinn að farsælu námi og velferð barnanna í skólanum og er sú samvinna mikilvægur hluti af starfi kennara. Á haustin eru haldnir fundir sem skipulagðir eru af umsjónarkennurum og faggreinakennurum í samstarfi við stjórnendur skólans. Tilgangur þessara funda er að stilla saman strengi, fara yfir markmið með skólagöngunni og ýmis hagnýt mál sem mikilvægt er að ræða. Á þessum haustfundum er líka markviss fræðsla í ákveðnum árgöngum sem skipulögð er í samvinnu við foreldrafélag skólans. Tvisvar á ári boða umsjónarkennarar foreldra í einstaklingsviðtöl ásamt börnum þeirra þar sem farið er yfir námsframgöngu, líðan og samskipti. Á þessum dögum eru faggreinakennarar jafnframt til viðtals. Mikilvægt er í þessari samvinnu að skólinn veiti upplýsingar um gengi og líðan nemenda en jafnframt að foreldrar geri slíkt hið sama. Kennarar eru með viðtalstíma í töflu, setja inn upplýsingar inn á Mentor og tölvupóstsamskipti eru jafnframt mikið notuð. Kennarar vinna heimavinnuáætlanir og sendir eru póstar um það sem verið er að gera í skólanum. Jafnframt eru upplýsingar settar inn á heimsíðuna um skólastarfið.

Í sumum tilvikum eru teymi um ákveðna nemendur til að styðja enn frekar við þá. Innan skólans starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra sem og foreldrafélag. Hlutverk þess er að styðja við skólastarfið, efla tengsl heimila og skóla og stuðla þannig enn frekar að velferð nemenda.

Nánar um foreldrasamstarf og upplýsingagjöf er að finna í A hluta skólanámskrár – starfsáætlun.



II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum).

Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum að ná árangri. Er það misjafnt eftir aldri nemenda hvaða leið er farin við námsmatið. Nánari útlistun á námsmatsleiðum er að finna í Skólanámskrá Setbergsskóla – námsvið og námsgreinar þar sem fjallað er um hvern árgang fyrir sig.

b. Stöðumat.

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.

b. Lokamat:

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á vinnu sinni yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðuna hjá sér við lok skólaárs og gefa honum vitnisburð fyrir frammistöðu.

III. Námsvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólstarfsins í átta skilgreind námsvið og eitt opið (val) en hverju námsviði heyrja mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námsvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námsviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólstarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggis og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

III.1. Matsaðferðir og matsverkfæri fyrir lykilhæfni.

Lykilhæfni	Matsverkefni	Matsaðferðir	Matsverkfæri
Tjáning og miðlun	- Leikrit. - Kynningar. - Bekkjarumræður	- Kynningamat. - Bekkjarumræðumat.	Gátlistar með atriðalistum um gæði tjáningar og miðlunar
Skapandi og gagnrýnin hugsun	- Umræður - Skrifleg verkefni.	- Framlag í persónulegum verkefnum. - Þátttaka í umræðum.	Mat á verkefnum
Sjálfstæði og samvinna	- Hópavinna - Sjálfstæð verkefni - Frimínútnaþátttaka	- Þátttaka í hópastarfi. - Lausn persónulegra krefjandi verkefna.	Mat á hóp- og einstaklingsverkefnum.
Notkun og beiting upplýsinga			
Abýrgð á eigin nám	- Heimanám. - Virkni í tímum. - Verkefnaskil.		- Virknimat í tímum - Mætingaskráningar. - Heimanámsskráningar



III.2. Lykilhæfni 8. bekkur

Lykilhæfni	2a. Hæfniviðmið eftir lykilþáttum	2b. Matslýsingar fyrir A-D kvarða			
	Við lok skólaárs getur nemandi:	A	B	C	D
TJANING OG MIÐLUN	- tjáð hugsanir sínar, hugmyndir, upplýsingar og tilfinningar á skipulegan hátt með ýmsum miðlum - myndað sér skoðun og tjáð sig um hinar ýmsu upplýsingar og hugmyndir í skoðanaskiptum - notað hugtök sem tengjast umfjöllun og tjáð sig í skýru máli - notað fjölbreyttar aðferðir í kynningum og sýnt vandvirkni við að miðla þekkingu sinni - talað fyrir framan hóp um málefni, útskýrt og sagt frá	Af öryggi myndað og tjáð eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað vel hugtök sem tengjast námi og tjáð sig skýrt með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð sig mjög vel um valin málefni.	Myndað og tjáð vel eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað hugtök sem tengjast námi og tjáð sig með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð sig vel um valin málefni.	Myndað og tjáð nokkuð eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað að einhverju marki hugtök sem tengjast námi og stundum tjáð sig með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð sig að nokkru leyti um valin málefni.	
SKAP-ANDI OG GAGN-RÝNIN HUGSUN	- spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistöð og úrvinnslu verkefna - sett sér viðmið með leiðsögn sem eru raunhæf til árangurs - notað skapandi leiðir við lausn verkefna og að mistök geta leitt til nýrra lausna - gagnrýnt gefnar upplýsingar með rökum - fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni og kynnt öðrum	Af öryggi spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistöð og úrlausn verkefna á skapandi hátt. Sett sér viðmið til árangurs og leitað nýrra lausna. Gagnrýnt vel gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni.	Spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistöð og úrlausn verkefna á skapandi hátt. Sett sér viðmið til árangurs með leiðsögn og leitað nýrra lausna. Gagnrýnt gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni.	Spurt spurninga og að einhverju leyti notað mismunandi leiðir við efnistöð og úrlausn verkefna. Sett sér viðmið til árangurs með nokkurri leiðsögn og leitað lausna. Gagnrýnt gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni að einhverju leyti .	
SJALF-STÆÐI OG SAM-VINNA	- skilið mikilvægi sjálfstæðra vinnubragða og frumkvæðis í námi - gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum og beitt þeim í námi og starfi samhliða því að rækta jákvæða sjálfsmynd - unnið í hóp og tekið þátt í samskiptum við aðra í námi og félagsstarfi - verið virkur og fengið aðra til samstarfs - skilið hvað felst í að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi - tekið gagnrýni og gefið uppbyggjandi gagnrýni	Beitt vel sterkum hliðum sínum í námi og sýnt sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið mjög vel í hópi, verið virkur í samstarfi og virkjað aðra til samvinnu. Verið vel meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið uppbyggjandi gagnrýni.	Beitt sterkum hliðum sínum í námi og sýnt sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið vel í hópi, verið virkur í samstarfi og virkjað aðra til samvinnu. Verið meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið uppbyggjandi gagnrýni.	Beitt að nokkru sterkum hliðum sínum í námi og sýnt að vissu marki sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið nokkuð vel í hópi. Nokkuð meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið að vissu marki uppbyggjandi gagnrýni.	
NYTING MIÐLA OG UPPLÝS-INGA	- tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar sem nýttar eru í námi - gert sér grein fyrir hvaða miðill hentar við nýsköpun, þróun og	Tamið sér mikla gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi og gert sér vel grein fyrir hvaða miðill hentar hverju sinni í námi. Skilið hvað felst í	Tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi og gert sér grein fyrir hvaða miðill hentar hverju sinni í námi. Skilið	Tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi sér að vissu marki og gert grein fyrir hvaða miðill hentar hverju sinni í námi. Skilið hvað felst í	



	framsetningu upplýsinga og hugmynda í námi sínu	siðferðilega ábyrgri notkun miðla og nefnt góð dæmi um slíkt.	hvað felst í siðferðilega ábyrgri notkun miðla og nefnt dæmi um slíkt.	siðferðilega ábyrgri notkun miðla.	
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	- gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum og hvernig þær hafa áhrif á sjálfsmynd manns - skilið tilgang markmiða og lagt fram vinnuferli til að fylgja þeim eftir - fylgt eftir hæfniviðmiði frá upphafi til enda með leiðsögn	Gert sér vel grein fyrir sterkum hliðum sínum, skilið vel tilgang námsmarkmiða og lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi frá upphafi til enda.	Gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum, skilið tilgang námsmarkmiða og lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi með leiðsögn frá upphafi til enda.	Gert sér að einhverju leyti grein fyrir sterkum hliðum sínum og stundum skilið tilgang námsmarkmiða. Lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi með leiðsögn að einhverju leyti .	

I. Íslenska

a. Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í íslensku
Talað mál, hlustun og áhorf	Við lok árgangs: Nemandi getur hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks. Notið myndefnis, upplestrar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
Lestur og bókmenntir	Við lok árgangs: - Nemandi getur lesið almenna texta af öryggi og góðum skilningi. - Lagt mat á texta og túlkað. - Nemandi getur lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga. - Nemandi getur valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.
Ritun og stafsetning	Við lok árgangs: - Nemandir gertur beitt skipulegum vinnubrögðum og skipað. efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. - Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir, samið texta frá eigin brjósti. - Beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.
Málfræði:	Við lok árgangs: - Nemandi áttar sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum fallorða og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta. - Nota algeng orðtök og málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt.



I.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Þessi liður tengist bókmenntum í 8. bekk þar sem kennari les upphátt fyrir nemendur og þeir vinna spurningar upp úr köflum sem lesnir eru. Einnig horfa nemendur á myndir sem tengjast námsefni bókmennta í 8. bekk.

Tímafjöldi: 1 tími á viku (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Í bókmenntum lesa nemendur Laxdælu og þeir svara spurningum úr efninu.
- Kennarar/nemendur lesa bókina Adam, ég og Annika. Eftirþórunni.
- Ýmis hlustunarverkefni.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem er helst stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Bókin Laxdæla saga – Gunnar Karlsson
- Ýmis hlustunarverkefni og áhorf.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Lesið fyrir nemendur í skóla, og nemendur lesa sjálfir eða hlusta.
- Nemendur vinna verkefni úr námsefninu
- Nemendur ljúka verkefninu heima ef ekki vinnst tími til þess í skólanum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur þjálfast í virkri hlustun.
- Þjálfar nemendur í að muna það sem fyrir þá er lesið og efla athygli þeirra.
- Eflir athygli nemenda með áhorfi

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Nemendur hlusta á upplestur í bókmenntum og lesa sjálfir
- Nemendur horfa á myndir tengdar bókum sem lesnar eru
- Námsmat sjá lestur og bókmenntir

I.2. Lestur og bókmenntir

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Kennari les upphátt fyrir nemendur fornbókmenntir fyrri hluta vetrar og nútímabókmenntir síðari hlutann og þá lesa nemendur einnig. Nemendur svara spurningum upp úr köflum sem lesnir eru. Einnig horfa nemendur á myndir sem tengjast námsefni í fornbókmenntum í 8. bekk.

Nemendur lesa valbækur og skila bókryniverkefnum úr þeim bókum.

Farið í ljóðstafi og myndmál ljóða og nemendur vinna verkefni í tengslum við námsefnið

Tímafjöldi: U.þ.b. 1 tími (40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Fornbókmenntir.
- Nútímabókmenntir.
- Ljóð.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Bókin Laxdæla saga.
- Ýmsar bækur valdar af bókasafni eða úr hillunni heima
- Ljóðahefti, tekið saman af kennurum og ýmis valin verkefni



iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennari/nemendur lesa upphátt og útskýrir textann og innihald sögunnar
- Nemendur svara spurningum úr efni textans
- Nemendur lesa og skila bókrýni úr völdum bókum af bókasafni eða úr hillunni heima
- Nemendur lesa sér til yndis
- Nemendur læra ákveðna þætti bragfræðinnar s.s. rím, ljóðstafi og myndmál

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur lesa eða hlusta á upplestur kennara og þjálfast þar með einnig í virkri hlustun, einnig horfa nemendur á myndefni tengt þeim bókum sem lesnar eru
- Nemendur vinna nánar með efni textans með því að svara spurningum og þurfa þar með að kafa nánar í efnið og einnig að skila bókrýni þar sem þeir leggja mat á lesinn texta.
- Nemendur vinna verkefni úr ljóðahefti og greina þá þætti sem unnið er með:

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Verkefni tengd bókinni Laxdæla saga.
- Verkefni tengd bókinni Akam, ég og Annika og ritgerð
- Skil á bókrýni-8x

I.3. Ritun

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Nemendur vinna ýmis ritunarverkefni annað hvort frjálst eða fyrirfram ákveðið. Stafsetning gegnum ritun: Stærri ritgerð er unnin út frá bókinni Akam, ég og Annika. Nemendur fá upplýsingahefti um ritun og uppsetningu heimildaritgerða (sambætting við samfélagsfræði).

Lögð er áhersla á ritun þvert á námsgreinar.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur vinna bókrýniverkefni úr yndislestrarbókum.
- Nemendur vinna ýmis stutt ritunarverkefni og eina stærri ritgerð
- Stafsetning

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ýmsar bækur til yndislestrar
- Ýmis verkefni frá kennurum, orðasnakk(leikur á neti).
- Ýmis verkefni út bókinni Kveikjur – textabók í íslensku.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í ritun-er lögð áhersla á að nemendur þekki eftirfarandi hugtök: Málsgrein, setning, efnisgrein, inngangur, meginmál og niðurlag. Mikilvæg er er að nemendur átti sig á muninum á mismunandi textagerð, þ.e. frásagnartexta, fræðitexta, upplýsingatexta, leiðbeiningatexta, útskýringatexta, sannfæringartexta og rökræðutexta.
- Nemendur vinna verkefni í skólanum en ljúka heima ef ekki er nægur tími.
- Nemendur læra stafsetningu í gegnum ritunarferlið.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendum er bent á að huga að frágangi, snyrtimennsku og vönduðu málfari við uppsetningu ritana.
- Kennari leggur inn stafsetningarreglur.



iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat
- Jafningjamat
- Sjálfsmat

I.4. Málfræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í málfræði er unnið með fallorð. Kennari leggur inn fyrir bekkinn málfræðireglur og nemendur vinna síðan verkefni tengd innlögninni. Einnig er unnið með ýmsa þætti svo sem málshætti, orðtök og ýmis hugtök s.s. víðtækt og sértækt, samheiti, andheiti, o.fl.

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. Kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Málið í mark: fallorð
- Dýpkun á máltilfinningu og skilningi, málrækt og málnotkun, málsháttum og orðtökum

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Málið í mark – Fallorð
- Kveikjur – textabók í íslensku
- Orðhákur I eftir Magnús Jón Árnason
- Finnur I til upprifunar og þjálfunar.
- Málið í mark vefur á mms.is

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn á málfræðireglum og nemendur vinna verkefni þeim tengd og ljúka verkefnum heima ef tími vinnst ekki til í tímum
- Nemendur vinna verkefni í Málið í Mark og úr bókinni Kveikjur í skólanum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Ordasnakk.is, nemendur vinna að því að finna eins mörg orð og þeir geta með fyrirfram gefnum stöfum (rafrænt)

iv. Námsmat og násmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat
- Jafningjamat
- Sjálfsmat



b. Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum skólastigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Áföngunum er hér skipt niður í stig sem miðast við færni í íslensku við lok hvers stigs.

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni 1.stig.
Talað mál, hlustun og áhorf:	Við lok árgangs: - Nemandi getur skilið einfalt daglegt mál - Nemandi getur tjáð sig á einföldu máli Nemandi getur skilið daglegt mál og tekið þátt í umræðum/samtölum um algeng málefni
Lestur og bókmenntir:	Við lok árgangs: - Notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð - Nemandi hafi öðlast þann orðforða sem þarf til að skilja og geta rætt um námsefni árgangs síns - Nemandi getur borið íslensku það skýrt fram að framburður sé skiljanlegur
Ritun:	Við lok árgangs: - Nemandi getur myndað rétt uppbyggðar setningar á íslensku - Nemandi getur skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð
Málfræði:	Við lok árgangs: Nemandi tali það málfræðilega rétt að mál hans skiljist

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni 2.stig.
Talað mál, hlustun og áhorf:	Við lok árgangs: - Nemandi getur tekið þátt í umræðum í skóla um námsefni og annað sem er á dagskrá - Nemandi getur lýst atvikum, persónum og hlutum og endursagt einfaldan texta sem hann hefur lesið - Nemandi getur spurt og svarað spurningum sem tengjast einstökum námsgreinum og beðið um aðstoð þegar þarf - Nemandi getur tekið þátt í samtali þar sem beita þarf útskýringum og rökum - Nemandi getur borið fram íslenskt mál án teljandi áhrifa frá móðurmáli sínu
Lestur og bókmenntir:	Við lok árgangs: - Nemandi getur lesið og skilið texta við hæfi, svo sem námsefni, og leitar eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur - Nemandi getur lesið auðlesnar íslenskar barnabókmenntir, túlkað þær og tjáð sig um þær - Nemandi getur notað aðgengileg gögn til sér til aðstoðar við lestur og ritun, svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn.
Ritun:	Við lok árgangs: - Nemandi getur tjáð hugsanir sínar og reynslu í rituðu máli. - Nemandi getur stafsett nokkuð rétt léttan texta og nýtt sér nokkrar meginreglur stafsetningar - Nemandi getur skrifað sögu eða greinargerð á skiljanlegu máli
Málfræði:	Við lok árgangs: Nemandi tali það málfræðilega rétt að mál hans skiljist



Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni 3.stig.
Talað mál, hlustun og áhorf:	Við lok árgangs: - Nemandi getur tekið þátt í umræðum og rökræðum um viðfangsefni og er óhræddur að leggja fram tillögur - Nemandi getur hlustað á sögu eða annan texta, endursagt efni hans í stuttu máli og túlkað - Nemandi getur notað íslenskt mál sér til framdráttar í samskiptum við aðra, svo sem til að tjá hug sinn og þarfir - Nemandi getur beitt málfari og málhegðun sem hæfir stað og stund og tekur tillit til viðmælanda - Nemandi getur borið fram íslensk málhljóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjandi
Lestur og bókmenntir:	Við lok árgangs: - Nemandi getur valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks margvíslegt efni á íslensku og nýtir fjölbreytt hjálpargögn sem skýra orð og orðasambönd - Nemandi getur valið sér bókmenntir sem hæfa aldri og áhuga, skilið þær, túlkað og notið - Nemandi getur nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju - Nemandi getur dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta
Ritun:	Við lok árgangs: - Nemandi getur skrifað ritgerðir, skýrslur, frásagnir og átt samskipti með tölvu og valið stíl og málsnið eftir lesanda, efni og tilefni - Nemandi getur stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur, og notað orðabækur og vefefni sér til stuðnings
Málfræði:	Við lok árgangs: - Nemandi tali það málfræðilega rétt að mál hans skiljist - Nemandi getur nýtt sér þekkingu sína á málfræði til að bæta málnotkun, stafsetningu og tungumálanám

Unnin er einstaklingsáætlun í samvinnu við kennara og foreldra eftir því sem þarf.



2. Erlend tungumál

Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Enska

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum
Hlustun:	Við lok árgangs: - Nemandi getur skilið talað mál er varðar hann sjálfan og daglegt líf. - Nemandi getur fylgt aðgengilegu efni sem höfðar til hans, í fjöl- og myndmiðlum.
Lesskilningur:	Við lok árgangs: - Nemandi getur lesið og skilið margsvíslega texta sem innihalda. algengan orðaforða og fjalla um daglegt líf. - Nemandi getur leitað og fundið aðgengilegar upplýsingar í texta. - Nýtt sér texta við verkefnavinnu.
Samskipti:	Við lok árgangs: - Nemandi getur tekið þátt í einföldu spjalli um daglegt líf og áhugasvið. - Nemandi getur miðlað einföldum upplýsingum.
Frásögn :	Við lok árgangs: - Nemandi getur tjáð sig á nokkuð góðan hátt um hluti sem tengjast daglegu lífi hans. - Nemandi getur nýtt sér reglur um málnotkun. - Nemandi getur sagt frá reynslu sinni og skoðunum sínum. - Nemandi getur flutt einfalda frásögn eða kynningu á efni sem hann hefur aflað sér upplýsinga um. - Nemandi getur samið einfaldan texta, atriði eða sögu.
Ritun:	Við lok árgangs: - Nemandi getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir. - Nemandi getur beitt grunnreglum málfræði og stafsetningu.
Menningarlæsi:	Við lok árgangs: Nemandi getur sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða.



Danska

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum
Hlustun:	<i>Við lok árgangs:</i> - Nemandi getur skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. - Nemandi getur fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. - Nemandi getur fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.
Lesskilningur:	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> - Nemandi getur skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. - Nemandi getur fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. - Nemandi getur lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.
Samskipti:	<i>Við lok árgangs:</i> - Nemandi getur spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. - Nemandi getur skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu. - Nemandi getur tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
Frásögn:	<i>Við lok árgangs:</i> - Nemandi getur sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. - Nemandi getur endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. - Nemandi getur flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
Ritun:	<i>Við lok árgangs:</i> - Nemandi getur skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista. - Nemandi getur lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. - Nemandi getur skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. - Nemandi getur samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
Menningar-læsi:	<i>Við lok árgangs:</i> - Nemandi getur sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekkra staða. - Nemandi getur sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra. - Nemandi getur sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.



Namshæfni	- Nemand getur beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki. - Nemandi getur beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur. - Nemandi getur tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. - Nemandi getur tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja. - Nemandi getur nýtt sér hjálparkæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.
------------------	--

2.1. Enska

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna ýmis verkefni sem tengjast þeim. Lögð er áhersla á hlustun og að nemendur þjálfist í að tjá sig munnlega og skriflega. Helstu málfræðiatríði kennd.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Dýr
- Ég og þú, sjálfsmynd, þroski
- Íþróttir
- Tíska
- Menning annarra landa

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Spotlight 8 lesbók og vinnubók. Bókin samanstendur af æfingum í skilningi, hlustun, málfræði og ritun
- Lestrarbækur valdar af safni
- Kvikmyndir
- Netmiðlar
- Smásögur

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Hópinnlögn í kennslustundum
- Sjálfstæð vinna
- Hópverkefni og kynningar
- Verkefni unnin (ritun, bókrýni, kvikmyndaverkefni o.fl.)
- Spjaldtölvur, gagnvirk verkefni

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Leiðsagnarmat
- Mat á verkefnum
- Kaflapróf eftir hvern kafla í námsbók
- Sagnapróf
- Ritunarverkefni-og próf
- Frásögn
- Lesskilningspróf –og verkefni
- Namshæfni - Frammistaða í tímum, vinnuskil, sjálfsmat, jafningjamat, markmiðssetning nemenda.
- Heimavinnuskil



- Vorpróf



2.2. Danska og önnur Norðurlandamál

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna ýmis verkefni sem tengjast þeim. Lögð er áhersla á hlustun og að nemendur þjálfist í að tjá sig munnlega og skriflega. Einföld málfræðihugtök kennd.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Dýr
- Heimilið
- Fjölskyldan
- Frítími
- Kjarkur
- Barn-fullorðinn
- Við erum mismunandi
- Líkaminn og tilfinningar

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Smart; lesbók og vinnubók
- Tak; lesbók og vinnubók
- Bókin Scooter og verkefni.
- Efni af vef
- Kvikmyndir

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Hópinnlögn
- Sjálfstæð vinna
- Hópverkefni
- Ritunarverkefni
- Hlustun og tjáning
- Spjaldtölvur, gagnvirk verkefni og þjálfun

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat
- Kannanir
- Vorpróf
- Ýmis verkefni
- Frammistaða í tímum
- Heimavinnuskil



3. List- og verkgreinar

Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum
Sviðslistir:	- Nemandi getur veitt uppbyggilega gagnrýni, jafnframt tekið á móti henni og nýtt sér til framdráttar. - Nemandi getur rökrætt efni og tjáð skoðanir sínar og röstutt mál sitt á viðeigandi máta og í samræmi við umræðuefni. - Nemandi getur tjáð sig á frambærilega hátt í stórum sem smáum hópum.
Sjónlistir:	Við lok árgangs: - Nemandi getur unnið sjálfstætt og í samvinnu með öðrum. - Nemandi vandar vinnu sína og gengur vel um. - Nemandi getur beitt fjölbreyttum aðferðum við myndsköpun. - Nemandi þekkir nokkra stíla og stefnur í myndlist - Nemandi þekkir hlutföll líkamans og hugtakið stytting.
Tónmennt:	Ekki kennt í 8. bekk
Heimilisfræði:	Við lok árgangs: - Nemandi getur unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld - Nemandi getur farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengt matreiðslu og heimilishaldi - Nemandi getur nýtt matvæli á hagkvæman hátt með sjálfbærni í huga - Nemandi getur skoðað umbúðir matvæla og sett upplýsingar í samhengi við gæði, næringu og geymslu þeirra
Hönnun og smíði:	Við lok árgangs: - Nemandi gengur vel um - Nemandi notar notað hlýðar og öryggisbúnað. - Nemandi hefur góð tök á nákvæmni varðandi mælingar. - Nemandi getur hannað eigin verkefni og leitað á vefnum að leiðum og hugmyndum. - Nemandi hefur góð tök á yfirborðs meðhöndlun. - Nemandi aðlagast í hópi og lætur gott af sér leiða. - Nemandi vinnur af ábyrgð og festu. - Nemandi þekkir helstu verkfæri og notkun þeirra.
Textílmennnt:	Við lok árgangs: - Nemandi geti sýnt sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum - Nemandi vinni úr fjölbreyttum - Nemandi vinni með einföld snið og uppskriftir - Nemandi er orðin sjálfbjarga á saumavél



3.1. Sviðslistir – dans og leiklist

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur fái tækifæri til að tjá sig á skýran og skilmerkilegan hátt.
- Nemendur hlusti á aðra af virðingu.
- Nemendur átti sig á ólíkum blæbrigðum raddarinnar.
- Nemendur fá tækifæri til að ræða námsefni og starfið í skólanum.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsfni tengt lífsleikni, tjáningu og framsögn.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Umræður
- Bekkjarfundir
- Kynningar

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Fylgt er eftir að allir fái að njóta sín og að virðing sé borin fyrir öllum.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat

3.2. Sjónlistir - myndmennt

Tímafjöldi: 1 tími á viku (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Unnið með þrívíð form í leir
- Unnið með þrívídd á blaði
- Blönduð tækni, unnið með línu og form
- Uppstilling, ljós og skuggi
- Jákvætt rými og neikvætt rými.
- Sjálfsmynd og áhugamál

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Pappír, blýantur, strokleður, Mismunandi litir; klessulitir, tússlitir, vatnslitir, þekjulitir, akrýllitir, leir, leirlitir, tímarit

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- einstaklingskennsla
- sýnikennsla

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Lotuskipting

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:



Námsmat:

- Vinnumappa
- Leiðsagnarmat

3.3. Tónmennt

Ekki kennd í 8. bekk.

3.4. Heimilisfræði

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Ýmiskonar matreiðsla og bakstur
- Heilbrigðir lífhættir og neysluvenjur
- Fæðuflokkarnir og samsetning máltíðar
- Mikilvægi hreinlætis og réttrar geymslu í meðferð matvæla
- Næringarfræði
- Matvælafræði
- Frágangur í eldhúsinu
- Umhverfisvitund

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Næring og lífhættir – Kennslubók
- Uppskriftir fyrir unglingastig (Námsgagnastofnun)
- Uppskriftir og annað efni frá kennara
- Eldhúsahöld

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- Hópinnlögn
- Einstaklingsvinna, hópa- og paravinna
- Verkleg og skrifleg verkefni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Sýnikennsla
- Einstaklingskennsla
- Einstaklingsvinna, hópa- og paravinna

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Símat er á vinnu nemenda
- Metin er vinnusemi, verkefni og hegðun í tímum
- Lögð er áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum, jákvæð samskipti og frágang á vinnusvæði



3.5. Hönnun og smíði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Kassi með loki, handverk, hönnun, mælingar, nákvæmni og málun.
- Þrívíð vegg/borðmynd handverk, hönnun
- Frjálst verkefnaval.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Almenn handverkfæri og smærri vélar. Þússband, sogkerfi.
- Krossviður, fura o.fl.
- Lím, naglar, skrúfur, málning o.fl.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennt er í lotum og er 8.bekk skipt í 4 hópa og kemur hver hópur 2 x 80 mín. Í viku ¼ af kennsluárinu. Kennt er í smíðastofu og er aðallega um að ræða sýnikennslu og einstaklingskennslu. 8.bekkur er líka í vali og kemur þá 1x80 mín. Í viku allt skólaárið

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver og einn fer á sínum hraða og vinnulag miðað við getu hvers og eins.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat.

3.6. Textílmennt

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Sníða
- Sauma vélsaumsverkefni eftir leiðbeiningum
- Þrjóna eftir uppskrift
- Endurnýting

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sníð
- Saumavél og því sem henni fylgir
- Þrjónagarn og uppskriftir.
- Ýmis efni og saumaleiðbeiningar.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram í skóla á eftirfarandi hátt:

- Einstaklingskennsla.
- Sýnikennsla.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat.



4. Náttúrugreinar

Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum
Geta til aðgerða:	Við lok árgangs: Nemandi getur framkvæmt eigin athuganir.
Gildi og hlutverk vísinda og tækni:	Við lok árgangs: Nemandi getur gert tilraunir og útbúið skýrslur og beitt þeim hugtökum sem eiga við.
Lífvisindi:	Við lok árgangs: - Nemandi getur áttað sig á að líffræðin fjallar um lífið og að lífverur eru allt sem lifir og þær eru gerðar úr frumum. - Nemandi skilur að lífverur eru flokkaðar í skylda hópa, svo sem ættir, ættkvíslir og tegundir. - Nemandi skilur að bakteríur eru smáar lífverur, þær geta fjölgað sér hratt og flestar eru gagnlegar en sumar þeirra valda sjúkdómum. - Nemandi skilur að veirur fjölga sér bara í lifandi frumum. - Nemandu þekki að þörungar eru mikilvægustu framleiðendur fæðu í vatni og að smáir þörungar mynda plöntusviðið. - Nemandi skilur að frumdýr eru hluti dýrasvifs. - Nemandi skilur að sveppir eru ófrumbjarga, mynda sérstakt ríki lífvera og eru bæði til gagns og skaða. - Nemandi viti að fléttur eru sambýli sveppa og þörungum. - Nemandi þekki nokkrar algengar plöntur og viti hvernig plöntur fjölga sér og lifa af. - Nemandi þekki hvernig plöntur koma okkur að gagni. - Nemandi þekki ólíka hópa hryggleysinga og helstu einkenni þeirra. - Nemandi átti sig á mikilvægu hlutverki skordýra. - Nemandi kynnist fjölbreytileika hryggdýra. - Nemandi kynnist helstu hugtökum atferlisfræðinnar.
Eðlis- og efnafraeði	- Nemandi þekkir muninn á frumefnum, efnasamböndum og efnablöndum. - Nemandi þekkir ham efnis og efnabreytingar. - Nemandi þekkir frumeindakennninguna og eindir frumeinda.

4.1. Náttúrufræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Nemendur lesa heima, svara spurningum og vinna verkefni. Í kennslustundum er farið yfir heimaverkefni, rætt um efnið, verkefni unnin í einstaklingsvinnu og hópum, tilraunir og athuganir gerðar. Námsmat felst í kaflaprófum, virkni í tímum, vinnubók og ýmsum öðrum verkefnum.

Tímajöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Líffræði:

- Lífið á jörðinni
- Bakteríur og veirur
- Þörungar og frumdýr



- Sveppir og fléttur
- Plöntur
- Dýr
- Atferlisfræði

Efnafræði:

- Heimur efnafræðinnar
- Frumeindir og sameindir
- Lotukerfið

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: Líffræði:

- Lífheimurinn
- Myndbönd
- Athuganir

Efnafræði:

- Efnisheimurinn
- Myndbönd
- Sýndartilraunir
- Sýnitilraunir

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur lesa heima
- Nemendur svara spurningum og vinna verkefni í einstaklingsvinnu og hópum
- Nemendur ræða um efnið
- Nemendur framkvæma tilraunir og athuganir
- Nemendur halda utan um vinnu sína í vinnubók

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat
- Kaflapróf
- Vinnubók, skýrslur og ýmis verkefni metin

4.2. Eðlis- og efnafræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Heimur efnafræðinnar
 - Frumefni
 - Tákn frumefna
 - Efnasambönd
 - Efnablöndur
 - Formúlur
 - Frumefnin og mannslíkaminn
 - Hamur efnis



- Táknin s, l og g
- Efnajöfnur
- Bræðslumark og suðumark
- Suðumark og loftþrýstingur
- Efnabreytingar
- Frumeindir og sameindir
 - Frumeindakennningin endurreist
 - Frumeindir og sameindir
 - Frumefni og efnasambönd
 - Efnablöndur
 - Hamskipti
 - Skyggst inn í frumeindina
 - Öreindir
 - Frumeindamassi
 - Tákn frumeinda og frumefna
 - Sameindamassi
 - Sætistala
 - Jónir og sölt
 - Hvernig myndast jónir?
 - Ryð
 - Súrál og ál
 - Steinefni
 - Mismunandi jónir af sama frumefni
 - Samsettar jónir
 - Greiðan og matarsaltið
- Lotukerfið

4.3. Lífvísindi

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Líffræði:

- Lífið á jörðinni
 - geti skýrt gagnsemi og notkun flokkunarkerfa
 - geti lýst hlutverki frumulíffæra
 - geti borið saman plöntu og dýrafrumu
- Bakteríur og veirur
 - geti útskýrt lifnaðarhætti veira og sérstöðu þeirra
 - kynnist því hvernig maðurinn nýtir bakteríur í sína þágu og hvernig hann getur varist skaðsemi annarra
- Þörungar og frumdýr
- Sveppir og fléttur
 - geti lýst lífsferlum og næringaröflun sveppa og þekki gagnsemi og skaðsemi sem af þeim hlýst
- Plöntur
 - kynnist ríkjum plantna og vefdýra út frá völdum áherslum, s.s. lífsferlum, æxlun, ljóstillífun
- Dýr
 - geti lýst og gert sér grein fyrir helstu einkennum lífvera í ríkjum, dreifkjörnunga, frumvera, sveppa, plantna og dýra og vinna að verklegum æfingum til að glöggva sig á sérkennum lífveranna
- Atferlisfræði



5. Samfélagsgreinar

Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum
Reynsluheimur:	Við lok árgangs: - Nemandi þekki og skilji hugtakið sjálfbæra þróun og áhrif þess á jörðina og mannfolk. - Nemandi geti fjallað um myndun alheimsins og þróun jarðar fram á okkar tíma. - Nemandi þekki og skilji innræn og útræn öfl og hvaða áhrif þau hafa á jörðina. - Nemandi geti útskýrt loftslag, vinda og gróðurfar og hvernig þessir þættir móta lífsskilyrði á jörðinni. - Nemandi geti útskýrt hafstrauma og hvernig þeir móta lífsskilyrði á jörðinni. - Nemandi skilji hvaða áhrif ameríska og franska byltingin höfðu á umhverfi sitt. - Nemandi þekki og skilji hvaða áhrif iðnbyltingin hafði á samfélagið. - Nemandi þekki og skilji hugtökin um sjálfbæra þróun og vistspor og áhrif þeirra á jörðina og mannfolk. - Nemandi þekki auðlindir og hvernig þær eru notaðar. - Nemandi skilji af hverju ameríska og franska byltingin áttu sér stað. - Nemandi þekki og skilji þá atburðarás sem leiddi til þjóðríkja í Evrópu. - Nemandi þekki og skilji atburði á 19. öld sem leiddu til að Íslendingar fengu stjórnaskrá árið 1874. - Nemandi getur aflað sér upplýsingar um atburði, persónu eða tímabil í sögunni. - Nemandi skilji og þekki hvaða áhrif ameríska og franska byltingin höfðu á líf almennings. - Nemandi þekki helstu höf heimsins og gerðir þeirra.
Hugarheimur:	Við lok árgangs: - Nemandi þekki styrkleika sína og getur nýtt sér þá í skiptingu verka í hópavinnu. - Nemandi geti tekið ábyrgð á eigin námi.
Félagsheimur:	Við lok árgangs: Nemandi geti litið á atburði í sögunni bæði með þeirra augum sjálfra og augum samtímamanna.



- | | |
|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> Nemandi sýnir metnað við að koma fram þekkingu sinni í verkefnum. Nemandi þekki og skilji mismun á rétti einstaklinga eftir tíma, kyni, trúarbrögðum, kynþætti og þjóðerni. |
|--|--|

5.1. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Vélvæðing og nútímatækni
- Bætt lífskjör fólks á Íslandi á 20. öld
- Heimastjórn, fullveldi og lýðveldi á Íslandi
- Aukin þéttbýlismyndun
- Samfélagsþróun og stjórnmál
- Kreppan mikla
- Byltingar
- Jörðin verður til
- Uppbygging jarðar
- Náttúra, gróður og loftslag jarðar
- Höfin
- Auðlindir og orka

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Um víða veröld – Jörðin - valdir kaflar
- Lýðræði og tækni
- Valið efni frá kennara

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- umræður
- verkefnavinna
- flutningur verkefna
- paravinna
- hópvinnu
- kynningar
- innlögn á töflu/skjávarpa
- hugtakakort og glósur

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- þeir sem þurfa að nota tölvu mega það
- skila verkefnum á mismunandi hátt

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat
- Heimildaritgerð þar sem nemendum er leiðbeint í ferlinu.
- Jafningjamat
- Sjálfsmat



6. Skólaíþróttir

Námshæfni – viðmið og mat

Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþáttur	Hæfnipættir	Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 8. bekk Við lok árgangs:
Heilsa og velferð	Bekking	- Nemandi getur nýtt sér æfingar sem efla líkamspól, hjarta- og blóðrásarkerfi - Nemandi getur þekkt grundvallarhugmynd á bak við þjálfun styrks, hraða, krafts og liðleika. - Nemandi getur þekkt grunnreglu íþróttaiðkunnar og mikilvægi heilsusamlegs lífennis
	Leikni	- Nemandi getur tekið þátt í leikjum og æfingum sem efla líkamspól, styrk og hraða - Nemandi getur notað einföld hugtök sem tengjast sundi, íþróttum og líkamlegri áreynslu - Nemandi getur þjálfað þrek sitt og þol í gegnum ýmsar íþróttagreinar og leiki
	Viðhorf	Nemandi getur sýnt viðfangsefni og kennslu jákvætt viðhorf.

Efnisþáttur	Hæfnipættir	Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 8. bekk Við lok árgangs:
Hreyfing og afkastageta	Bekking	Nemandi getur þekkt reglur í helstu hóp- og einstaklingsleikjum og undirstöðuatriði helstu íþróttagreina.
	Leikni	- Nemandi getur framkvæmt allt frá einföldum gróf- og fínhyfingum í flóknar samsettar hreyfingar sem reyna á samhæfingu - Nemandi getur framkvæmt æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika - Nemandi getur framkvæmt æfingar sem efla kraft, hraða og viðbragð - Nemandi getur tekið þátt í stöðluðum prófum
	Viðhorf	Nemandi getur tekið virkan þátt í kennslustundum

Efnisþáttur	Hæfnipættir	Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 8. bekk Við lok árgangs:
Félagslegir þættir og samvinna	Bekking	- Nemandi getur þekkt mikilvægi leikreglna, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt - Nemandi getur þekkt áhrif og birtingarmyndir eineltis og stríðni og brugðist við því á æskilegan hátt - Nemandi getur þekkt hvernig leysa á úr ágreiningi í leikjum og íþróttum
	Leikni	- Nemandi getur farið eftir leikreglum og fylgt fyrirmælum - Nemandi getur borið virðingu fyrir mismunandi getu samnemenda sinna - Nemandi getur tekið þátt í fjölbreyttum leikjum sem krefjast mismunandi reglna og samskipta
	Viðhorf	- Nemandi getur sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast - Nemandi getur haft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsandann

Efnisþáttur	Hæfnipættir	Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 8. bekk Við lok árgangs:
Öryggi og skipulag	Bekking	Nemandi getur þekkt helstu reglur um umgengni og öryggi í íþróttahúsum og sundlaugum
	Leikni	- Nemandi getur fylgt settum reglum og brugðist á réttan hátt við fyrirmælum kennara – og starfsmanna íþróttahúsa og sundlauga - Nemandi getur brugðist við óvæntum aðstæðum sbr. slys eða óhapp í íþróttatíma
	Viðhorf	- Nemandi getur borið virðingu fyrir áhöldum og eigum skóla - Nemandi getur sýnt starfsfólki íþróttahúsa og sundlauga tillitssemi og virðingu



Grunnpættir menntunar í skólaíþróttum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar Að nemandi
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	- hreyfi sig alla daga vikunnar. - taki þátt í æfingum og leikjum sér til ánægju ásamt því að efla eigið líkamshreysti. - taki þátt í íþróttum og sundi til að efla félagslegt tengsl og samvinnu við samnemendur. - taki ábyrgð á eigin heilsu og skilji mikilvægi svefns, rétttrar næringar og daglegrar hreyfingar.
JAFNRÉTTI:	- stundi fjölbreytta hreyfingu s.s. íþróttir, sund eða útivist sem eru án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi. - hafi fengið kynningu á sem flestum íþróttagreinum. - fái tækifæri, óháð kyni, til að njóta styrkleika sinna í íþróttum og sundi og ýta þar með undir jákvæða sjálfsmynd nemenda
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	- fái tækifæri að velja sér æfingu eða leiki sem hann hefur áhuga á og er við hæfi. - fái tækifæri til að koma með tillögur að æfingum eða leikjum eða hafa áhrif á skipulag kennslu þegar við á.
LÆSI:	- þekki áhrif þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta og lungu en einnig á vöðva- og taugakerfið. - læri að taka sigri jafnt sem tapi og sýni íþróttamannslega framkomu. - taki þátt í leikjum sem styrkja samvinnu og samskipti nemenda. - þekki og fylgi leikreglum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur.
SJÁLFBÆRNI:	- fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg. - hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun og skilji mikilvægi reglubundinnar hreyfingar. - verði meðvitaður um gildi æfinga og leikja, leggi sig ávallt fram og sé virkur og áhugasamur í íþróttatímum og sundi.
SKÖPUN:	- fái tækifæri til að búa til, útskýra eða hanna reglur eða leik - fái tækifæri til að sjá um upphitun og skipuleggja kennslustund í íþróttum og sundi einn eða í hóp.

6.1. Íþróttir

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: Tvær 40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Viðfangsefni 1 : Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska
 - Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki
- Viðfangsefni 2 : Líkams- og heilsurækt
 - Styrktaræfingar, stöðvabjálfun, útihlaup, þrekpróf, þolpróf
- Viðfangsefni 3 : Knattleikir
 - Knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak,
- Viðfangsefni 4 : Spaðaiþróttir
 - Badminton, tennis, bandý
- Viðfangsefni 5 : Leikir
 - Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, sparkó, samvinnuleikir, ratleikir



- Viðfangsefni 6 : Áhaldafimleikar
 - Gólfæfingar, stökk yfir hest / kistu / kubbur, sveiflur í köðlum
- Viðfangsefni 7 : Frjálsar íþróttir
 - Hlaup, stökk, köst, víðivangshlaup, boðhlaup
- Viðfangsefni 8 : Sértækir námsþættir
 - Skólamót í leikjum, íþróttagreinum, frjálsum, sundi, skólaþrekmót, göngu- og hjólaferðir

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsgagn 1 : Áhöld í íþróttasal
 - Minni áhöld: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.
 - Stærri áhöld: Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.
- Námsgagn 2 : Áhöld í skóla og á skólalóð
 - Minni áhöld: Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.
 - Stærri áhöld: Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Leið 1: Kennsla í íþróttahúsi
 - Íþróttasalur í Kaplakrika
 - Frjálsíþróttahús í Kaplakrika
- Leið 2: Kennsla utanhúss
 - Frjálsíþróttavöllur í Kaplakrika

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Aðferð 1: Kennsluáðferðir
 - Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaráæfingar, námsleikir, stöðvaþjálfun, áfangþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinna.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Lykilhæfni
- Hreyfing og afkastageta
 - Stöðumat á líkamlegri færni
- Hegðun og atferli
 - Símatseyðublöð
 - Virkni
 - Fyrirmæli og reglur
 - Áhugi og Viðhorf

Námshæfni:

Leið 1: Útfærsla í höndum íþróttar og sundkennara skólans

6.2. Sund

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi undaðferðum.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í sundi eru:

- Viðfangsefni 1; Grunnþættir líkams- og hreyfiproska



- Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar
- Að nemandi geti synt 400 m viðstöðulaust með frjálsri aðferð
- Viðfangsefni 2; Bringusund
 - Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli, öndun, armtaki og fótatki.
 - 50 metra tímataka
- Viðfangsefni 3; Skólabaksund
 - Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli og samhæfingu í armtaki og fótatki
- Viðfangsefni 4; Skriðsund
 - Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli öndun, armtaki og fótatki
 - Að nemandi geti synt 75 m skriðsund viðstöðulaust
 - 25 metra tímataka
- Viðfangsefni 5; Baksund
 - Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli, armtaki og fótatki
 - Að nemandi geti synt 50 m baksund viðstöðulaust
- Viðfangsefni 6; Flugsund
 - Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli, armtaki og fótatki
- Viðfangsefni 7; Kafsund, köfun og stungur
 - Að nemandi þjálfist í kafsundi, köfun og stungum
 - Að nemandi nái að stinga sér af bakka
 - Að nemandi geti synt 8 m kafsund að hlut á botni laugar, synt með hlutinn til baka (ekki í kafi) og endurtekið æfinguna aftur eftir 10 sek.
- Viðfangsefni 8: Marvaði
 - Að nemandi geti troðið marvaða í eina mínútu

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsgagn 1: Áhöld í sundlaug
 - Kútar, núðlur, flotbelti, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar, björgunardúkka

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Leið 1: Kennsla fer fram í
 - Ásvallalaug
- Leið 2: Heimanám (foreldrar)
 - Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni.

- Aðferð 1: Kennsluáðferðir
 - Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Hæfniviðmið

- Tækni og afkastageta
 - 8. Sundstig
 - Þolsund: að nemandi geti synt 400 metra viðstöðulaust á undir 16:30 mín
 - Bringusund: að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli og samhæfingu í armtaki og fótatki
 - Skriðsund: að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli og samhæfingu í armtaki og fótatki
 - Baksund: að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli og samhæfingu í armtaki og fótatki
 - Bringusund: að nemandi geti synt 50 metra á undir 74 sek
 - Skriðsund: að nemandi geti synt 25 metra á undir 30 sek
- Hegðun og atferli
 - Símatseyðublöð



- Virkni: nemandi tekur virkan þátt í tímum
- Fyrirmæli og reglur: Nemandi hlýðir fyrirmælum og fer eftir reglum
- Áhugi og Viðhorf: Nemandi sýnir kennslu áhuga og jákvætt viðhorf

Námshæfni:

- Leið I: Útfærsla í höndum íþrotta og sundkennara skólans

7. Stærðfræði

Námshæfni – viðmið og mat**Viðmið um námshæfni í stærðfræði**

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í stærðfræði í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs. Það er þó hvers skóla að ákveða hvort hann nýtir A-D kvarðann fyrr en í 10. bekk eða aðra matskvarða þótt hæfniviðmiðin liggi alltaf til grundvallar námsmati hverjar sem aðferðir og matskvarðar eru í einstaka skólum og bekkjum/árgöngum.

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í stærðfræði
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	Við lok árgangs: • Nemandi getur lesið upplýsingar úr stærðfræðitexta og valið viðeignadi aðferð og verkfæri við lausn viðfangsefnanna.
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnari:	Við lok árgangs: • Nemandi getur notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa verkefni. • Nemandi getur nýtt margvísleg hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni.
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar:	Við lok árgangs: • Nemandi getur unnið skipulega einn og í samvinnu við aðra að því að túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir.
Tölur og reikningur	Við lok árgangs: • Nemandi getur notað þætti, veldi, ferningsrót og frumtölur í útreikningum. • Nemandi getur borið saman og reiknað með heilum tölum og tugabrotum. • Nemandi getur reiknað með almennum brotum. • Nemandi getur fundið prósentur, hluta og heild.
Algebra	Við lok árgangs: • Nemandi getur einfaldað algebrustæður. • Nemandi getur leyst einfaldar jöfnur og notað aðferðina til að leysa hagnýt verkefni.
Rúmfræði og mælingar	Við lok árgangs: • Nemandi getur reiknað af nákvæmni lengd, ummál, horn, og flatarmál marghyrninga. • Nemandi getur framkvæmt rúmfræðiteikningar með gráðuboga og reglustiku og í rúmfræðiforriti. • Nemandi getur notað hnit til að flytja myndir og kanna einginleika og einkenni rúmfræðilegra forma með og án stafrænna tækja.



Tölfræði og líkindareikningur	Við lok árgangs: - Nemandi getur fundið miðgildi, tíðasta gildi og meðaltal. - Nemandi getur greint töluleg gögn og sett þau fram með tíðnitöflum og myndritum.
--------------------------------------	--

7.1. Stærðfræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 5 tímar á viku

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Tölur og talnareikningur
 - Veldi
 - Eiginleikar talna
 - Þáttun, deilanleiki
 - Rétt röð reikniaðgerða
 - Hugarreikingi og slump
 - Neikvæðar tölur
- Rúmfræði
 - Punktur, lína, horn
 - Hefðbundnar rúmfræðiteikningar með hringfara og reglustiku
 - Mælingar og útreikningar á stærð horna
 - Hnitakerfið
 - Samhverfa í hnitakerfinu og utan þess
- Almenn brot, tugabrot, prósent
 - Reikniaðgerðirnar fjórar með almennum brotum og tugabrotum
 - Stærsti þáttur og minnsta sameiginlega margfeldi
 - Breyta tölum, sem skrifaðar eru á forminu almenn brot, tugabrot eða prósentur, úr einu formi í annað
 - Samanburður á stærðum talna sem skrifaðar eru sem almenn brot, tugabrot eða prósent
- Tölfræði
 - Söfnun gagna og kynning niðurstaðna
 - Gildi sem lýsa miðsækni og dreifingu
- Algebra
 - Stæður
 - Jöfnur

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Almenn stærðfræði I
- Skali IA og IB nemendabækur og æfingahefti
- Ýmis verkefni
- Þrautir
- Vasareiknar Casio fx-350 og spjaldtölvur

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í stærðfræði leggur kennari inn nýja námsþætti og aðstoðar svo nemendur eftir þörfum
- Nemendur vinna ýmis skilaverkefni
- Nemendur vinna ýmis verkefni í tölum
- Nemendur vinna hópverkefni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:



- Nemendum er skipt í hópa eftir námsgetu
- Námsfni er aðlagð að getu nemanda eftir föngum

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat
- Kaflapróf eftir hvern kafla
- Vorpróf og miðsvetrarmat
- Skiladæmi úr námsþáttum
- Hópverkefni
- Tölvuverkefni

7.2. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

- Vasareiknir
- Tölvur
- Þrautir
- Hringfari
- Gráðubogi

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

1. Tjáning og tungumál stærðfræðinnar

Nemandi:

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ártöl í rómverskum tölum, almenn brot, tugabrot, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur
- temji sér að fara rétt með stærðfræðiheiti og tákn, s.s. jafnaðarmerki
- þjálfist í notkun sviga og forgangsröð aðgerða
- lesi og túlki skýringartexta í námsefni og útskýri lausnir sambærilegra verkefna og þar er fjallað um
- taki þátt í samstarfsverkefnum með bekkjarfélögum þar sem reynir á þessa færni og þátttöku hans í umræðum um lausnaleiðir og niðurstöður.
- tileinki sér að leggja saman, draga frá, margfalda og deila með ræðum tölum
- noti reiknivél til að leggja saman, draga frá, margfalda og reikna prósentur með því að breyta í tugabrot og reikna svo
- minnst hlutverks tölunnar 0 í reikniaðgerðum
- öðlist það góða tilfinningu fyrir tölum að hann geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum
- námundi tölur að heilum þúsundum, hundruðum, tugum, einingum, tíundu hlutum, hundradshlutum og þúsundustu hlutum
- venjist því að reyna að gera sér grein fyrir svári áður en gripið er til reiknivélar

2. Verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

Nemandi:

- venjist því að kynna sér verkefni til hlítar og sannreyni niðurstöður
- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar feli í sér samsetningar ólíkra hugtaka og aðferða.
- ræði og rökstyðji samhengið í venjulegum reikniaðferðum, t.d. samlagningu almennra brota
- setji fram sennilegar tilgátur og finni leiðir til að komast að rökstuddri niðurstöðu um þær
- setji fram röksemdafærslur á skýran hátt, bæði í mæltu og rituðu máli.
- þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræði
- noti stærðfræði til að henda reiður á eigin fjármálum



- vinni með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls- og þyngdareiningar í metrakerfi og kynnist sambandi þeirra innbyrðis
- kynnist eldri mælieiningum, s.s. alin, faðmi, potti og pela.

7.3. Tölur, reikningur og algebra

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

- Náttúrlegar tölur
- Negatífar tölur
- Tugabrot
- Námundun
- Almenn brot
- Tengsl almennra brota og tugabrota
- Tímaútreikningar
- Prósentur
- Frumtölur
- Einfalda stæður
- Leysa jöfnur
- Óuppsettar jöfnur
- Þrautir

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

1. Tölur

Nemandi:

- vinni með heilar tölur, röðun þeirra, talnarunur og reikniaðgerðir
- meti hvenær tvö almenn brot eru jöfn og fáist við röðun almennra brota, styttingu og lengingu og tengsl þeirra við tugabrot og prósentur
- vinni með sléttar tölur og oddatölur og átti sig á reglum um deilanleika talna með 2, 3, 4, 5, 9 og 10
- þekki frumtölur og þáttun talna í frumþætti og viti hvernig má finna lægstu frumtölurnar
- stytti almenn brot með því að leysa teljara og nefnara í frumþætti
- þekki stærsta samdeili og minnsta samfeldi tveggja talna
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot.

2. Reikningur

Nemandi:

- þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræði
- noti stærðfræði til að henda reiður á eigin fjármálum
- meðhöndli upplýsingar um náttúruvyrirbrigði á stærðfræðilegan hátt

3. Hlutföll og prósentur

Nemandi:

- fáist við hlutföll milli stærða og geti skýrt þau með tilvísan til almennra brota og mynda eða teikninga
- vinni með mælikvarða á vinnuteikningum og landakortum
- vinni með prósentur í margvíslegu samhengi
- fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu, t.d. hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun.

4. Algebra

Nemandi:

- noti táknmál algebru til að lýsa reglum í talna- og rúmfræðimynstrum
- vinni með bókstafi til að tákna stærðir og beiti reiknireglum á stæður (heiti) þar sem ein eða fleiri óþekktar stærðir koma fyrir
- leysi einfaldar jöfnur og byggi á skilningi á því hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir



- vinni með víxlreglu og tengireglu samlagningar og margföldunar
- kynnist muninum á stæðu (heiti) og jöfnu.

7.4. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

- Horn
- Þríhyrningar
- Marghyrningar
- Rúmfræðiteikningar
- Metrakerfið; lengdar og flatareiningar
- Ummál og flatarmál og svæða og samsettra svæða
- Samhverfa og hliðrun
- Hlutföll og mælikvarðar
- Tíðni
- Tíðnitöflur
- Súlurit
- Línurit
- Skífurit

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

1. Rúmfræði og mælingar

Nemandi:

- vinni með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls- og þyngdareiningar í metrakerfi og kynnist sambandi þeirra innbyrðis
- þekki hugtök, s.s. punkt, línu, strik, geisla, horn og ýmsar gerðir marghyrninga, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þeim bæði í mæltu máli og með því að teikna myndir, borið þau saman og flokkað
- kynnist rétthyrndum, jafnarma og jafnhliða þríhyrningum og geti nýtt sér eiginleika þeirra í útreikningum
- tileinki sér hugtök og aðferðir við að mæla og reikna lengdir strika, flatarmál og ummál marghyrninga
- hanni rétthyrning með gefnu ummáli og flatarmáli og átti sig á því að rétthyrningur með gefið ummál getur haft breytilegt flatarmál
- fáið við rétthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti og hnit punkta og spegli og hliðri punktum í hnitakerfi
- fáið við einfaldar hliðranir og speglanir mynda í sléttum fleti
- vinni verkefni sem sýna fram á regluna um hornasummu þríhyrnings og noti hana til að reikna stærðir grannhorna og horna í jafnarma, jafnhliða og rétthyrndum þríhyrningum

2. Tölfræði og líkindi

Nemandi:

- fáið við, þekki og skilji hugtökin tíðni, tíðnidreifing og meðaltal
- setji fram og túlki tíðnitöflur, súlurit, skífurit, línurit og aðrar einfaldar aðferðir við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna
- þjálfist í öflun gagna, flokkun þeirra og framsetningu



8. Upplýsinga- og tæknimennt 8.bekkur

Viðmið um námshæfni

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í upplýsinga- og tæknimennt
Vinnulag og vinnubrögð:	Við lok árgangs: - Nemandi getur nýtt upplýsingaver/snjalltæki sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum. - Nemandi getur unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu. - Nemandi getur unnið skapandi og á gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum. - Nemandi getur beitt réttri fingrasetningu
Upplýsingaöflun og úrvinnsla:	Við lok árgangs: - Nemandi getur nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit - Nemandi getur nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. - Nemandi getur nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.
Tækni og búnaður:	Við lok árgangs: - Nemandi geturnýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna. - Nemandi getur nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
Sköpun og miðlun:	Við lok árgangs: - Nemandi getur nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt. - Nemandi getur nýtt rafrænar leiðir og samskipamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.
Siðferði og öryggismál:	Við lok árgangs: - Nemandi getur sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu. - Nemandi getur nýtt rafrænar leiðir og samskipamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.

8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði

Tímajaföldi: 0,5 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:



Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Unnið er með hópinn í heild
- Nemendur vinna einstaklingslega
- Nemendur vinna í hópum

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat

8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni

Tímafjöldi: 0,5 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Tækninotkun styður við nám nemanda í öllum faggreinum.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru að nemendur:

- Umgengnisreglur um spjaldtölvur
- Þjálfist í notkun á tækni í námi sínu
- geti unnið með Google námsumhverfið, s.s. Docs, Slides, Sheets
- geti notfært sér ýmis námsforrit
- kynnist rafbókargerð s.s. Book Creator
- kynnist forritun
- kynnist aðferðum við kvikmyndagerð og hikmyndagerð
- kynnist því sem felst í stafrænni borgaravitund.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Netöryggi, vefir eins og saft.com
- Google skólaumhverfið, Book Creator, StopMotion, iMovie, Clips og fleiri forrit.
- Forritun; code.org, Box Island, Scratch Jr.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Upplýsingatækni er samþætt eins og hægt er inn í aðrar námsgreinar:

- Stuðningur við nám nemenda með því að nýta tækni
- Hóptímar þar sem nemendur kynnast efninu og vinna að verkefnum sínum undir leiðsögn.
- Verkefna- og hópvinna

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Leiðsagnarmat

9. Valgreinar

Sjá valbækling á heimasíðu Setbergsskóla

